

1992

Fimmtudaginn 3. desember 1992.

Nr. 47/1989. **Víkingur Guðmundsson,**
Sígfús Sígfússon,
Ingimar Baldursson,
Andrés Aðalbergsson og
Guðmundur Ármannsson sín vegna og
fyrir hönd samvinnufélagsins
Bífreiðastöðvarinnar Stefnis
(Gunnar Sólnes hrl.)
gegn
Hagþjónustunni hf.
(Brynjólfur Kjartansson hrl.).

Verkkaup. Samvinnufélag. Ómerking. Frávísun frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Gunnar M. Guðmundsson og Pétur Kr. Hafstein.

Guðjón J. Björnsson, fulltrúi bæjarfógetans á Akureyri, kvað upp hinn áfrýjaða dóm.

Með stefnu 17. febrúar 1989 að fengnu áfrýjunarleyfi 24. janúar sama ár samkvæmt heimild í 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands skutu áfrýjendur til Hæstaréttar dómi bæjarþings Akureyrar 9. september 1988. Krefjast þeir sýknu af öllum kröfum stefndu í héraði og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi stefndu.

Stefnda krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjendur dæmdir til að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti.

Með stefnu 10. apríl 1989 skutu áfrýjendur til Hæstaréttar fjárnámsgerð fógetaréttar Akureyrar, er fram fór 11. janúar 1989, í efri hæð fasteignarinnar Þórunnarstrætis 125, Akureyri. Krefjast þeir þess, að hún verði felld úr gildi. Stefnda krefst þess, að fjárnámsgerðin verði staðfest.

Mál þessi hafa verið sameinuð fyrir Hæstarétti.

Áfrýjendur reisa sýknukröfu sína aðallega á aðildarskorti, þar sem Bífreiðastöðin Stefnir sé samvinnufélag, en ekki sameignarfélag, eins og byggt er á í héraðsstefnu. Þar sem þeir séu aðeins

stjórnarmenn í samvinnufélaginu, sé ekki unnt að gera þá persónulega ábyrga fyrir skuldbindingum þess. Til vara er sýknukrafa byggð á því, að bókhaldsvinna stefndu hafi ekki verið í samræmi við það, sem um var beðið, og ekki komið að notum fyrir samvinnufélagið.

Mál þetta var þingfest á bæjarþingi Akureyrar 7. apríl 1988. Mætti þá lögmaður af hálfu áfrýjenda og fékk frest til greinargerðar til 28. sama mánaðar. Málið var síðan tekið fyrir fimm sinnum á bæjarþinginu, þar sem lögmaður mætti fyrir áfrýjendur og fékk fresti til greinargerðar. Var málið tekið fyrir í sjötta sinn 23. júní 1988, og mætti þá lögmaður fyrir áfrýjendur, en málið var þá dómtekið að kröfu stefndu, án þess að nokkrar athugasemdir kæmu fram af hálfu lögmannsins.

Upplýst er í málinu og óumdeilt, að Bifreiðastöðin Stefnir er samvinnufélag, en ekki sameignarfélag. Það hefði stefndu, sem annaðist bókhaldsvinnu fyrir félagið, átt að vera ljóst. Lögmanni áfrýjenda, stefndu í héraði, bar að gera grein fyrir þessum annmarka á mála-tilbúnaði, þegar hann mætti fyrir þá á bæjarþinginu. Það atriði hefði þá fengið úrlausn héraðsdómara. Þetta gerði hann ekki, og héraðsdómur féll á umbjóðendur hans á þeim röngu forsendum, að þeir væru eigendur sameignarfélags og bæru sem slíkir ótakmarkaða ábyrgð að lögum á skuldbindingum þess. Málið var því þannig úr garði gert í héraði, að á það verður ekki lagður efnisdómur í Hæstarétti. Ber því að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu frá héraðsdómi.

Samkvæmt þessum úrslitum verður fjárnámsgerðin frá 11. janúar 1989 felld úr gildi.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Ágripsgerð í málinu er áfátt. Meðal annars eru mörg skjöl tvítekin þar og efnisyfirlit villandi. Er þetta aðfinnsluvert.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og er málinu vísað frá héraðsdómi.

Framangreind fjárnámsgerð er felld úr gildi.

Málskostnaður fellur niður.

1994

Dómur bæjarþings Akureyrar 9. september 1988.

Mál þetta, sem dómtekið var 23. júní 1988, hefur Hagþjónustan hf., nnr. 3525-0719, Skipagötu 14, Akureyri, höfðað hér fyrir dómi með stefnu, út gefinni 16. mars 1988, á hendur Víkingi Guðmundssyni, kt. 290524-6529, Grænhóli, 601 Akureyri, Sigfúsi Sigfússyni, kt. 300639-3059, Þórunnarstræti 125, Akureyri, Ingimari Baldurssyni, kt. 200655-3389, Bægisá, Glæsibæjarhreppi, 601 Akureyri, Andrési Aðalbergssyni, kt. 010251-2659, Helgamagrastræti 42, Akureyri, Guðmundi Ármannssyni, kt. 301127-4139, Aðalstræti 2, Akureyri, persónulega og f. h. sameignarfélags þeirra, Stefnis, Óseyri 1, Akureyri.

Eru dómkröfur stefnanda þær, að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða stefnanda 850.565 kr. með [nánar tilgreindum dráttarvöxtum auk málskostnaðar].

D ó m s o r ð:

Stefndu, Víkingur Guðmundsson, Sigfús Sigfússon, Ingimar Baldursson, Andrés Aðalbergsson, Guðmundur Ármannsson, persónulega og f. h. sameignarfélags þeirra, Stefnis, greiði in solidum stefnanda, Hagþjónustunni hf. 828.065 kr. með [nánar tilgreindum vöxtum].

Stefndu greiði stefnanda 150.684 kr. í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.
